

„Ónei. Það er nú svo sem ekkert skemtilegt. Og það finst nú Bergen ekki heldur, en —“.

„En hvað?“

„Ja, það, að það fer nú að verða nokkuð—einmanalegt að sitja hér alt af inni, án allrar umgengni og kunningsskapar við nokkra“.

„Ó, eg skil, eg skil. Asökun. Eg hefi annars ekkert á móti samveru þinni við aðra—að eins ekki með þessum mönnum“.

„Hér eru nú ekki aðrir á eyjunni“.

„Þess vegna verðum við að fara“.

„Leyfirðu mér þá ekki að fara. Auðvitað fer eg ekki ef....“.

„Eg banna þér ekki að fara, en mér er ekki um það“.

Hún tók regnhlífina, kvaddi fljótlega, en þýðlega.

Prestur settist við borðið og tók að þýða ritgerð. Hann var æstur í skapi og hugsunin á reiki. Þegar leið að hádegi, þá fanst honum hann þreyttur orðinn, og fór því út að létta sér upp. Hann heyrði glaum og gleði frá bústað vitavardarins. En hann vildi ekki koma nærri, svo hann nam ei orðin. Hann settist á bekk að hvíla sig í skjóli birkitrjáanna. Þar heyrði hann söng, og þekti lögin. Það var dóttir hans sem söng og spilaði lögin, sem hann hafði mestar mætur á—elskaði mest—og það var hjá þessum dýrslegu drykkjusvínnum.

Honum fanst það svik við sig. Þung tilfinning þess að hann væri yfirgefinn af öllum greip huga hans. Honum fanst hann aleinn í heiminum, fanst hann æfinlega hafa verið það.

En var hann ei sök í því sjálfur? Hafði hann ekki lokað sjálfan sig úti? Hann vildi sníða alt eftir sinni eigin hugsun, og félli það ekki alt í ljúfa löð, eins og hann vildi, þá reiddist hann og þóttist líða órétt—vera ofsóttur. Stríddi hann ekki við strauminn?

Hann reis á fætur og gekk hægt heim til sín. Hann var svangur orðinn, og leitaði sér uppi smjör og brauð, og settist að snæðingi. Svo kveikti hann eld, fyllti kaffiketilin og hengdi hann upp yfir eldinn.